

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Dalabyggð.

*Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Bíldhóls á Skógarströnd.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkt deiliskipulag að frístundabyggð í landi Bíldhóls, Skógarströnd í Dalabyggð.

Deiliskipulagið tekur til um 8 ha svæðis, gert er ráð fyrir byggingu 7 sumarhúsa.

*Deiliskipulag að Eiríksstöðum í Haukadal.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkt deiliskipulag að Eiríksstöðum í Haukadal, Dalabyggð.

Deiliskipulagið tekur til um 2,5 ha svæðis, gert er ráð fyrir byggingu Eiríksskála í Haukadal og búa í haginn fyrir móttöku ferðamanna á staðnum.

*Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Haukabrekku á Skógarströnd.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkt deiliskipulag að frístundabyggð í landi Haukabrekku á Skógarströnd í Dalabyggð.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu 7 sumarhúsa.

*Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Ketilsstaða á Fellsströnd.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkt deiliskipulag að frístundabyggð í landi Ketilsstaða á Fellsströnd í Dalabyggð.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu 20 sumarhúsa.

*Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Ljárskóga.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkt deiliskipulag að frístundabyggð í landi Ljárskóga í Dalabyggð.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu 16 sumarhúsa.

*Deiliskipulag við Miðbraut 6b í Búðardal.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkt deiliskipulag að Miðbraut 6b í Búðardal, Dalabyggð.

Deiliskipulagið tekur til 3.537 m<sup>2</sup> lóðar undir leikskóla.

*Deiliskipulag við Brekkuhvamm í Búðardal.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkt deiliskipulag við Brekkuhvamm í Búðardal, Dalabyggð.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir tveimur raðhúsalengjum með samtals 7 íbúðum.

*Deiliskipulag við Búðarbraut í Búðardal.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkt deiliskipulag við Búðarbraut í Búðardal, Dalabyggð.

Deiliskipulagið tekur til lóðar Leifssafns sem stendur við Búðarbraut 1, hafnarsvæðis og athafnasvæðis við smábátahöfnina í Búðardal.

*Deiliskipulag við hesthúshverfi í Búðardal.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkt deiliskipulag við hesthúshverfi í Búðardal, Dalabyggð.

Deiliskipulagið tekur til 12 ha svæðis fyrir hesthúsabyggð og keppni á svæðinu.

Gert er ráð fyrir 5 nýjum byggingarreitum fyrir hesthús ásamt byggingarreit fyrir reiðhöll.

*Deiliskipulag við Vesturbraut (við Vestfjarðaveg 60) í Búðardal.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkt deiliskipulag við Vesturbraut í Búðardal, Dalabyggð.

Deiliskipulagið tekur til 14.500 m<sup>2</sup> svæðis fyrir tvær verslunar- og þjónustulóðir, stærðir lóðanna eru 7.600 m<sup>2</sup> og 6.600 m<sup>2</sup>.

Greinargerðir og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagstillögurnar öðlast þegar gildi.

*Dalabyggð, 25. nóvember 2011.*

**Bogi Kristinsson Magnúsen** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2011